

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða,
nr. 151 22. marz 1968.

1. gr.

22. gr. b. liður reglugerðarinnar orðist svo:

- b. Sótthreinsunarefni, svo og efni og samsetningar, sem búið er um til afhendingar í lyfjabúð og ætlaðar eru til tæknilegra nota (undanþegnar eru þó samsetningar ætlaðar til framleiðslu á snyrtivörum), skal auðkenna rauðum merkimiða. Eiturefni skal einnig merkja rauðum merkimiða, eða eins og heilbrigðisyfirvöld kunna að mæla fyrir um. Efni notuð í rannsóknaskyni skal auðkenna gulum merkimiða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. lyfsörlulaga nr. 30 29. apríl 1963, tekur gildi 15. janúar 1969.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Íslenskum bátum allt að 200 brúttórúmllestum að stærð, sem veiða með botnvörpu, skal heimilt á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1969 að veiða á eftirgreindum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar.

1. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3 11. marz 1961. Togveiðar skulu þó bannaðar innan markalínu, sem hugsast dregin í kringum Grimsey 4 sjómílu frá yztu annesjum og skerjum hennar.
2. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í vestur frá Garðskaga, og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur nr. 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Öll veiði skal þó hönnuð á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og lands og takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin þannig, að Urðarviti og Faxaskersviti beri saman og að austan af línu, sem hugsast dregin þannig, að Bjarnarey að vestan beri við Elliðaey að austan

og enn fremur á svæði, þar sem sæsimastrengir liggja að og frá Vestmannaeyjum til útlanda vestan Stórhöfða á 200 metra belti beggja megin við strengina. Þá skulu togveiðar bannaðar á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Skaftárósum og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Stokksnesi.

3. Á svæði sem takmarkast að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar og að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar.

Á svæðum þeim, sem að framan greinir eru togveiðar enn fremur bannaðar á hrygningarsvæðum síldar og loðnu, eins og þau skulu ákveðin með auglýsingu.

Enn fremur skal með auglýsingu ákveðið bann við togveiðum á þeim svæðum og tíma, sem hættu er á árekstrum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net svo og vegna nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Gjögurtá og að austan af línu, sem hugsast dregin í réttvísandi norður frá Rauðanúp.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar svo og auglýsingum, sem út verða gefnar, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 20. desember 1968 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. desember 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.